

## Reglur um bílaleigur

Reglur þessar gilda um heimildir bílaleigu til að skuldfæra greiðslukort.

### Skilmálar

Skilmála bílaleigu ber að birta korthafa við bókun þjónustu áður en bókun/kaupum á netinu er lokið. Skilmálana ber að birta í sama glugga og bókun/kaup eru staðfest. Óheimilt er að birta skilmála í sér glugga eða á sér vefslóð. Skilmála ber einnig að senda korthafa í tölvupósti með bókunarstaðfestingu. Nánari upplýsingar um afbókunarskilmála má finna hér:

[https://www.rapyd.net/wp-content/uploads/2023/06/afgokanir-og-voruskil\\_Rapyd.pdf](https://www.rapyd.net/wp-content/uploads/2023/06/afgokanir-og-voruskil_Rapyd.pdf)

Skilmála bílaleigu á pappír ber að kynna fyrir korthafa og hann verður að samþykkja með undirskrift sinni á sömu blaðsíðu og skilmálarnir eru settir fram. Ef korthafi samþykkir tryggingu bílaleigu (CDW) þarf tryggingin að vera staðfest sérstaklega af leigutaka með upphafsstöfum hans, þar sem undirritun leigusamnings tekur ekki til þessa ákvæðis.

### Við upphaf leigu

Við upphaf leigu bifreiðar má bílaleiga sækja um heimild á greiðslukort fyrir áætlaðri upphæð leigukostnaðar. Áætluð heildarupphæð heimildarbeiðni má ekki innihalda kostnað vegna sjálfsábyrgðar eða tryggingu fyrir mögulegu tjóni.

Ef endanlegur leigukostnaður fer umfram upphæð heimildar ber að sækja um nýja heimild fyrir mismuninum.

### Skuldfærsla vegna tjóns og sjálfsábyrgða VISA korthafa

Ef í ljós kemur eftir að bifreið hefur verið skilað að tjón hafi orðið á leigutíma og korthafi er ekki á staðnum má bílaleiga skuldfæra upphæð tjónamats að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum.

- Tilkynna þarf korthafa skriflega um tjón og áætlaðan kostnað innan 10 daga frá skilum bifreiðar ásamt því að gefa korthafa 20 daga frest til að mótmæla áður en greiðslukort hans er skuldfært. Athugið að undirritað samþykki korthafa á skuldfærslu vegna sjálfsábyrgðar (Self risk) mögulegs tjóns þarf að liggja fyrir. Korthafi þarf að hafa samþykkt tryggingaskilmála bílaleigunnar með undirskrift sinni á sömu blaðsíðu og skilmálarnir eru birtir og með upphafsstöfum sínum við viðeigandi lið sjálfsábyrgðar.

- Með tilkynningu vegna tjóns til korthafa þurfa að fylgja:
  - Gögn sem útskýra tjónið og sýna fram á að tjón hafi orðið á leigutíma.
  - Tjónaskýrsla, lögregluskýrsla og váttrygginarskírteini ef við á.
  - Tvö tjónamöt frá aðskildum, viðurkenndum verkstæðum og skal lægra tjónamatið gilda.
  - Útlistun á hver hlutur korthafa sé á móti tryggingum vegna tjóns og hvers vegna .
  - Upplýsingar til korthafa um að greiðsla fyrir tjón með greiðslukorti korthafa sé valkvætt og honum sé gefinn kostur á að greiða tjónið á annan hátt.
- **Ávallt þarf skriflegt samþykki korthafa fyrir skuldfærslu tjóns á kortið.**
- Skuldfærsla vegna tjóns sé aðskilin skuldfærslu vegna leigu eða leigukostnaðar.
- Að sótt hafi verið um heimild, eftir að tjón hefur átt sér stað, fyrir upphæð tjónamatsins eða þeirri upphæð sem korthafi samþykkir. Upphæð skuldfærslu tjóns skal ekki vera hærri en upphæðin sem korthafi samþykkti né hærri en verðmat bifreiðarinnar ef hún telst ónýtt.
- Skuldfæra þarf kortið fyrir kostnaði vegna tjóns innan 90 daga eftir að leigu bifreiðar lýkur.
- Ef raunkostnaður vegna tjónsins reynist lægri en korthafi var skuldfærður fyrir ber bílaleigu að endurgreiða korthafa mismuninn innan 30 daga.

## Skuldfærsla vegna tjóns American Express og MasterCard korthafa

Ef í ljós kemur eftir að bifreið hefur verið skilað að tjón hafi orðið á leigutíma og korthafi er ekki á staðnum má bílaleiga skuldfæra upphæð tjónamats að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum.

- **Ávallt þarf skriflegt samþykki korthafa fyrir skuldfærslu tjóns eftir að tjónamat hefur farið fram s.s. undirrituð greiðslukvittun og ábyrgðaryfirlýsing (undirskrift á bílaleigusamning sem innheldur ákvæði um skuldfærslu mögulegs tjóns uppfyllir ekki skilyrði um skriflegt samþykki fyrir skuldfærslu tjóns). Sýnishorn af ábyrgðarlýsingu er á vefsíðu Valitor: <https://www.rapyd.net/is/lagalegir-fyrirvarar-og-leidbeiningar/eydublod-leidbeiningar/>**
- Skuldfærsla vegna tjóns sé aðskilin skuldfærslu vegna leigu eða leigukostnaðar.
- Skilgreina þarf hver hlutur korthafa sé á móti tryggingum vegna tjóns og hvers vegna.
- Að sótt hafi verið um heimild, eftir að tjón hefur átt sér stað, fyrir upphæð tjónamatsins eða þeirri upphæð sem korthafi samþykkir. Upphæð skuldfærslu vegna

# Rapyd

tjóns skal ekki vera hærri en upphæðin sem korthafi samþykkti né hærri en verðmat bifreiðarinnar ef hún telst ónýt.

- Korthafi þarf að hafa samþykkt tryggingaskilmála bílaleigunnar með undirskrift sinni á sömu blaðsíðu og skilmálarnir eru birtir og með upphafsstöfum sínum við viðeigandi lið sjálfsábyrgðar.
- Skuldfæra þarf **American Express kort** fyrir kostnaði vegna tjóns innan 90 daga frá því að leigu bifreiðar lýkur.
- Skuldfæra þarf **Mastercard kort** fyrir kostnaði vegna tjóns innan 30 daga frá því að leigu bifreiðar lýkur.
- Ef raunkostnaður vegna tjónsins reynist lægri en korthafi var skuldfærður fyrir ber bílaleigu að endurgreiða korthafa mismuninn innan 30 daga.

## Annar tilfallandi kostnaður

Heimilt er að skuldfæra eftirfarandi kostnað af korti greiðanda eftir að bifreið hefur verið skilað:

- Vegatollar
- Umferðarlagabrot
- Stöðvunarbrotagjöld
- Eldsneyti

Óski Rapyd eftir gögnum vegna skuldfærslu eftir á, t.d. vegna stöðvunarbrotagjalds, skal bílaleiga afhenda/sendu skjöl frá hlutaðeigandi yfirvaldi, þ.m.t. með skráningarnúmeri bifreiðar, tíma og stað brots, upphæðar og gjaldmiðils.

Bílaleiga skal ganga frá færslukvittun (sölustrimli) vegna skuldfærslu eftir á og skrifa „signature on file“ í undirskriftarreit.

- Skuldfæra þarf **American Express og Visa kort** fyrir ofangreindum kostnaði innan 90 daga frá því að leigu bifreiðar lýkur.
- Skuldfæra þarf **Mastercard kort** fyrir ofangreindum kostnaði innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar um sekt frá hlutaðeigandi yfirvöldum.

Umsýslugjald fyrir ofangreindum kostnaði má skuldfæra á kort ef það er sérstaklega tekið fram í bílaleigusamningnum, sem korthafi undirritar.

## Athugasemd korthafa vegna skuldfærslu tjóns

Berist Rapyd athugasemd/endurkrafa frá kortaútgefanda vegna tjóns, ber bílaleigu að senda Valitor afrit af eftirfarandi skjölum sé þess óskað:

- Undirrituðum leigusamningi ásamt uppgjörssamningi.
- Tjónamati frá viðurkenndu verkstæði (tveimur viðurkenndum verkstæðum í tilfalli VISA korta).
- Lögregluskýrslu ef við á.
- Afrit af vátryggingarskírteini bílaleigu ef bílaleiga krefst þess að korthafi greiði sjálfsábyrgð í tengslum við tjón.
- Skilmálum bílaleigu (með undirskrift/upphafsstöfum korthafa).
- Samþykki korthafa fyrir skuldfærslu tjóns á kortið (Í tilviki American Express og MasterCard korta þarf að liggja fyrir samþykki eftir að tjónamat hefur farið fram s.s. ábyrgðaryfirlýsing og undirrituð greiðslukvittun. Í tilviki Visa korta þarf að sýna fram á að korthafa hafi verið send tilkynning um tjón ásamt viðeigandi gögnum sem tilgreind eru hér að ofan ef ekki liggur fyrir eftirá samþykki korthafa fyrir skuldfærslu tjóns).
- Færslukvittun.
- Önnur gögn sem máli skipta.

Geri korthafi athugasemd/endurkröfu við skuldfærslu á korti vegna tjóns þar sem framangreindum reglum hefur ekki verið fylgt getur bílaleiga átt von á að skuldfærsla vegna tjónsins verði bakfærð. Í slíku tilfalli þarf bílaleiga sjálf að innheimta tjónið á annan hátt. Það er á ábyrgð bílaleigu að leigusamningar standist kröfur dómstóla, þar sem í sumum tilfellum er það eina úrræði bílaleigu til að innheimta kostnað vegna tjóns bílaleigubifreiðar.

Vinsamlegast hafið samband við Endurkröfudeild Rapyd með því að senda tölvupóst á [innlendarendurkrofur@rapyd.net](mailto:innlendarendurkrofur@rapyd.net) ef nánari upplýsinga er óskað.

Ofangreindar reglur taka mið af reglum American Express, Mastercard og Visa sem geta tekið breytingum eftir birtingu.

Reglur birtar apríl 2021.

Rapyd